

## AUGLÝSING

**um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.**

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi löndum um upprætingu á Avian Influensu í Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong, en Avian Influenta er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur aldrei greinst á Íslandi, er framlengt bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum löndum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum skv. 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 25. maí og gildir til 30. september 2005. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 337/2005 um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 24. maí 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*